

## Svar

### háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra við fyrirspurn frá Bryndísi Haraldsdóttur um kynjahlutfall í háskólanámi.


1. Hvert var kynjahlutfall nýskráðra háskólanema á Íslandi árin 2016–2022?

Kynjahlutfall nýskráðra háskólanema er um 40% karlar og 60% konur, sbr. eftirfarandi yfirlit yfir nýskráningar nemenda sem innritast í fyrsta sinn í grunnnám háskóla skipt eftir skólaárum og kyni. Athygli er vakin á að hlutfallið breytist lítið yfir allt tímabilið.

Skólaár	Karlar	Hlutfall	Konur	Hlutfall	Kynsegin /annað	Hlutfall	Samtals
2016-2017	2.060	39,5%	3.148	60,4%	1	0,0%	5.209
2017-2018	1.972	39,3%	3.037	60,6%	6	0,1%	5.015
2018-2019	2.131	39,1%	3.311	60,8%	6	0,1%	5.448
2019-2020	2.228	38,7%	3.517	61,1%	10	0,2%	5.755
2020-2021	2.362	39,1%	3.667	60,7%	9	0,1%	6.038
2021-2022	2.006	38,7%	3.170	61,1%	10	0,2%	5.186
2022-2023	1.805	39,7%	2.733	60,2%	4	0,1%	4.542

Kynjahlutfall karla er breytilegt eftir háskólum.

Skólaár	HA	HB	HH	HÍ	HR	LbhÍ	LHÍ
2016-2017	28,2%	39,1%	19,8%	36,7%	52,4%	37,8%	34,3%
2017-2018	30,3%	46,8%	26,1%	36,0%	51,8%	30,4%	30,7%
2018-2019	27,1%	46,9%	27,4%	37,8%	49,6%	31,8%	38,0%
2019-2020	29,2%	46,6%	27,5%	34,9%	52,7%	22,1%	34,0%
2020-2021	28,1%	36,8%	28,4%	35,6%	56,6%	31,2%	42,4%
2021-2022	25,4%	39,5%	33,2%	35,0%	53,1%	24,2%	38,0%
2022-2023	26,2%	36,8%	29,4%	36,9%	57,2%	27,6%	40,1%




Hlutfall karla er áberandi langhæst í Háskólanum í Reykjavík. Skýringar á breytileika á milli einstakra háskóla má að líkindum að stærstum hluta rekja til áherslugreina þeirra. Meginfagsvið Háskólans í Reykjavík eru verkfræði, tæknifræði, tölvunarfræði, byggingafræði og iðnfræði sem eru hefðbundnar karllægar greinar samkvæmt greiningum Eurostudent. Hlutfall kvenna er samkvæmt sömu gögnum hærra en karla á sviðum menntunar, hugvísinda og lista, heilsu og velferðar og félagsvísinda.

2. *Hefur kynjahlutfall nýskráðra háskólanema á Íslandi verið borið saman við hlutfallið í öðrum löndum innan Efnahags- og framfarastofnunarinnar? Ef svo er, hvernig kemur sá samanburður út?*

Þegar skoðuð er þróun undanfarna áratugi í Evrópu má sjá miklar breytingar í þátttöku kvenna í æðri menntun. Á tímabilinu 1970 til aldamóta hækkaði hlutfall kvenna frá því að vera um 28% í 50%. Þróunin hefur síðan haldið áfram og núna er algeng kynjaskipting 60% konur á móti 40% karlar. Eflaust eru fjölmargar skýringar á þessari þróun en hin seinni ár má að minnsta kosti að hluta finna skýringu í auknum fjölbreytileika námsleiða á sviðum heilbrigðis- og velferðarmála og félagsvísinda. Þegar Eurostudent-flokkun námssviða er skoðuð (<https://www.eurostudent.eu/publications>), má sjá að hæst er hlutfall kvenna í námi á sviðum menntunar (72%), hugvísinda og lista (68%), heilsu og velferðar (65%), félagsvísinda (63%). Lægstu hlutdeildina er aftur á móti að finna í upplýsinga- og fjarskiptatækni (17%) og verkfræði (29%).

Í gagnagrunni Eurostat (<https://www.eurostudent.eu/publications>) er að finna eftirfarandi niðurstöður könnunar um kynjahlutföll í háskólum.



Hlutföllin eru breytileg eftir löndum samkvæmt framangreindri könnun Eurostudent. Konur eru alls staðar í meiri hluta háskólanema, með einni undantekningu. Ísland er hér með hæst hlutfall kvenna í háskólum og eru hlutföllin svipuð í Noregi, Svíþjóð og hér á landi. Hafa ber í huga að gögnin byggjast á þeim sem svara spurningakönnun og því er á þeim sú takmörkun, en myndin virðist vera nokkuð skýr.

### 3. Hvert var kynjahlutfall útskrifaðra háskólanema á Íslandi árin 2016–2021?


Eftirfarandi tafla sýnir kynjahlutfall útskrifaðra nemenda í íslenskum háskólum brotið niður á námsstig. Tölurverður breytileiki er eftir námsstigum, þannig er t.d. hlutfall í útskrifast af meistarastigi 70% konur á móti 30% karlar.

Kynjahlutföll eru misjöfn eftir námsstigum þ.e. hvort er um að ræða grunndiplómanám, bakkalárnám, viðbótarnám á meistarastigi, meistaranám eða doktorsnám.

Ár	Grunndiplóma				Bakkalárnám			
	Karl	Kona	Kynsegin /annað	Alls	Karl	Kona	Kynsegin /annað	Alls
2016	44%	56%	0%	100%	39%	61%	0%	100%
2017	46%	54%	0%	100%	38%	62%	0%	100%
2018	49%	51%	0%	100%	37%	63%	0%	100%
2019	46%	54%	0%	100%	39%	61%	0%	100%
2020	45%	55%	0%	100%	38%	62%	0%	100%
2021	40%	60%	0%	100%	36%	64%	0%	100%
2022	53%	47%	0%	100%	36%	64%	0%	100%
Meðaltal 2016-2022	46%	54%	0%	100%	38%	62%	0%	100%

Ár	Viðbótarnám á meistarastigi			Meistararnám				Doktorsnám		
	Karl	Kona	Alls	Karl	Kona	Kynsegin /annað	Alls	Karl	Kona	Alls
2016	25%	75%	100%	28%	72%	0%	100%	36%	64%	100%
2017	26%	74%	100%	30%	70%	0%	100%	34%	66%	100%
2018	26%	74%	100%	28%	72%	0%	100%	41%	59%	100%
2019	26%	74%	100%	29%	71%	0%	100%	46%	54%	100%
2020	26%	74%	100%	29%	71%	0%	100%	39%	61%	100%
2021	24%	76%	100%	30%	70%	0%	100%	51%	49%	100%
2022	26%	74%	100%	28%	71%	0%	100%	44%	56%	100%
Meðaltal 2016-2022	26%	74%	100%	29%	71%	0%	100%	42%	58%	100%

Litlar breytingar eru á hlutföllunum á milli árunna 2016–2022.



Ef lagðar eru saman allar brautskráningar (öll námsstig) eru kynjahlutföllin eftirfarandi.

Skólaár	Samtals brautskráðir	Karlur		Konur		Kynsegin /annað	Hlutfall
		Karlur	Hlutfall	Konur	Hlutfall		
2016	4.632	1.612	34,8%	3.018	65,2%	2	0,0%
2017	4.641	1.597	34,4%	3.043	65,6%	1	0,0%
2018	4.466	1.519	34,0%	2.944	65,9%	3	0,1%
2019	4.553	1.598	35,1%	2.954	64,9%	1	0,0%
2020	4.731	1.627	34,4%	3.099	65,5%	5	0,1%
2021	5.530	1.813	32,8%	3.715	67,2%	2	0,0%
2022	5.658	1.894	33,5%	3.762	66,5%	2	0,0%

4. *Telur ráðherra kynjahlutfall við skráningu og útskrift ásettannlegt? Ef ekki, hyggst ráðherra grípa til einhverra aðgerða til þess að stuðla að jafnara kynjahlutfalli?*

Hlutfall karla af nýskráðum nemendum í háskóla er um 40% (39,7% haust 2022) og er næstum óbreytt allt tímabilið 2016–2022. Hlutfall brautskráninga karla á sama tímabili er lægra eða um 34%. Hér er mikilvægt að hafa í huga að þessi hlutföll eru mjög breytileg eftir námsstigum.

Í tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi aðgerðir til eflingar þekkingarsamfélags á Íslandi til ársins 2025, sbr. þingskjal 1530, 982. mál á 153. löggjafarþingi, er meðal stefnumótandi aðgerða (liður 1.8) lögð áhersla á aukid jafnrétti í háskólum með sérstaka áherslu á að fá fleiri unga karla í háskólanám. Um framtíðaráskoranir í háskóla og vísindastarfi segir m.a.: „Aðsókn í háskólanám er mun meiri á meðal ungra kvenna en karla og lætur nærri að 2/3 nemenda séu konur. Á sama tíma hefur sókn kvenna aukist í störf sem áður voru talin hefðbundin karlastörf og verulega hefur skort á að takist hafi að laða karlmenn inn á námsbrautir sem hafa lengst af höfðað mest til kvenna, svo sem menntavísindi og tiltekinn hluta heilbrigðisvísinda. Rúmlega 30% karlmanna á aldrinum 16–74 ára hafa lokið háskólaprófi hér á landi og það hlutfall nokkuð lægra en á öðrum Norðurlöndum. Íslendingar af erlendum uppruna, sem fer ört fjölgandi, skila sér illa inn í háskólakerfið en sú þróun getur leitt til alvarlegrar stéttaskiptingar sem nauðsynlegt er að sporna við“.

Á vormánuðum 2023 var farið af stað með sérstakt átak þar sem fjölbreyttir hópar ungs fólks og þá sérstaklega ungir karlar voru hvattir til að sækja um í háskóla. Átakið var til viðbótar við markaðssetningu háskólanna sjálfra. Sérstök áhersla var lögð á að heimurinn stækki við að fara í háskóla og að með háskólanámi fjölgi einstaklingar tækifærum sínum til fjölbreyttari starfa í samfélaginu. Aukning er í fjölda umsókna í háskóla í haust og er fjölgun umsókna karla 13%. Átakið sem fór af stað í apríl 2023 virðist því hafa skilað árangri.